

2. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2020-2021 haldinn föstud. 4. des. 2020 kl. 8:20 (fjarfundur)

Mætt voru: Krístrún Guðjónsdóttir skólastjóri, Þórgunnur Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Karen Björk Guðjónsdóttir og Tinna Arnardóttir fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsfólks, Sverrir Óskar Elefsen fulltrúi foreldra og Áslaug Einarsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins

Fundur var settur af Krístrúnu og gengið til dagskrár.

Dagskrá

- Skipulag skólastarfs í Covid
- Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk 2020
- Ungt fólk - niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk
- Skólapúlsinn, líðan nemenda, einelti o.fl.
- Önnur mál

Skipulag skólastarfs í Covid

Á yngsta stigi hefur verið nánast hefðbundið skólastarf í allt haust og börnin fengið heitan mat í hádeginu.

Á miðstigi hefur verið hefðbundið skólastarf að mestu en þó ekki sund undanfarnar vikur vegna blöndunar hópa. Þurft hefur að breyta hópum í list- og verkgreinum til að viðhalda hólfun. Nemendur hafa komið með hádegisnesti undanfarið og borðað í stofum.

Á unglíngastigi hafa kjarnagreinar verið kenndar fyrir utan sund vegna blöndunar hópa, nám stutt af neti hefur verið í nokkrum valgreinum. Unglíngarnir hafa, eins og miðstígnemendur, komið með nesti en skólinn býður öllum unglíngum ávexti. Ekki hafa verið forsendur til að vera með hádegismat hjá öllum vegna margra hóla og ekki aðstæður til að bera heitan mat í stofur vegna húsnæðis og manneklu.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk 2020

Hvað varðar niðurstöður samræmdra prófa þá er 4. bekkur undir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði. Hægt að skoða stöðu mismunandi þátta sem hægt er að bregðast við. 7. bekkur er yfir landsmeðaltali í báðum greinum.

Hafa þarf í huga að ekki er um fjölmenna hópa að ræða í þessum ágöngum og ekki þarf marga nemendur sem eiga við námsvanda að stríða til að staðan breytist.

Ungt fólk - niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk

Rafræn könnun var lögð fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í október 2020 af Rannsóknum og greiningu.

Áhyggjuefni er að vímuefnaneysla virðist vera að aukast á unglíngastigi. Nikotínþúðar og rafrettunotkun er t.d. algengari en á landsvísu. Þar sker 8. bekkur sig úr. Skóli og félagsmiðstöð munu taka sig saman um að bregðast við þessu.

Jafnframt koma fram vísbendingar um að börnin séu ekki að fá nægan svefn. Eftir áramót er skólinn að fara að taka þátt í svefnrannsókn sem fróðlegt verður að sjá hvað kemur út úr.

Einnig sýnir það sig að nemendur í 8. og 10. bekk eru minna með foreldrum sínum um helgar heldur en 9. bekkur. Það kallast á við niðurstöður um að 8. og 10. bekkur séu meira með félögum sínum heldur en 9. bekkur.

Tinna spyr um úrræði vegna niðurstaðna. Krístrún nefnir að námsráðgjafi, Miðgarður og kennarar séu meðvitaðir. Minna framboð sé af fræðslu og erfiðara sé að fá inn aðila til að vera með fyrirbyggjandi fræðslu enn sem komið er.

Skólapúlsinn, líðan nemenda, einelti o.fl.

Niðurstöður frá tímabilinu sept-3. nóv.

Könnun sem lögð er fyrir nemendur í 6.-10 bekk, tekið úrtak úr hópnum. Ekki búið að leggja fyrir stóran hópa nemenda eins og er en niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar. 72 nemendur búnir að svara.

T.d. kemur í ljós að ánægja af lestri er meiri en á landsvísu en ánægja í stærðfræði aðeins undir. Þrautseigja í námi er einnig marktækt yfir landsmeðaltali svo og sjálfsálit okkar barna og vellíðan. Tíðni eineltis er einnig marktækt undir landsmeðaltali. Samsömun við nemendahópinn er á pari við landið.

Niðurstöður verða skoðaðar betur að vori þegar könnun er lokið en marktækara er að skoða niðurstöður þegar allt úrtakið hefur tekið þátt.

Önnur mál

Kristún sagði frá að skipulagi í kringum jól verði með breyttu sniði. Húsnæði kirkjunnar verður ekki nýtt með tilliti til aðstæðna. Kristún nefnir að grímunotkun sé erfið á unglingsstigi og Tinna segir róðurinn stundum þungan á yngsta stigi þar sem spennan í þjóðfélaginu smiti eðlilega inn í skólana.

Umræður sköpuðust um að kórónuveiruástandið hafi áhrif á líðan nemenda. Skólinn, félagsmiðstöðin og foreldrar vinni áfram saman með hag nemenda að leiðarljósi.

Næsti fundur verður 22. janúar 2021. Sá fundur verður með stjórn nemendaráðs.

Fundi slitið kl. 9:30
Þórgunnur Stefánsdóttir